

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. maí 1979, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 199/1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 123, 1. mars 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 11. maí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977
með síðari breytingum.

Við 4. gr. gjaldskrárinnar bætist nýr liður:

c) Um rennslismæli kr. 275 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. maí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 368, 5. ágúst 1975,
með síðari breytingum.

6. gr. orðist svo:

Heimæðagjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m³ að utanmáli kr. 136 500.00 og síðan kr. 273.00 fyrir hvern m³ þar yfir.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 16. maí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.